

Lyfjameðferð fyrir uppskurð við snemmgreint þríneikvætt brjóstakrabbamein.

Þegar brjóstakrabbamein greinist snemma og það eru engin merki um dreyfingu annað en til aðlægra eitla kallast það “snemmgreint brjóstakrabbamein”. Slíkt krabbamein er hægt að lækna með meðferð.

Það má í raun segja að það sé ekki hættulegt að hafa krabbamein í brjósti eða í aðlægum eitlum. Það er fyrst hættulegt ef krabbameinsfrumurnar ná að dreyfa sér til annarra líffæra í líkamanum, t.d. Beina, húðar, lifur og lungna. Það er að segja, það er fyrst þegar meinið hefur náð fótfestu í líkamanum utan brjósta og aðlægra eitla sem það getur orðið alvarlegt.

Meðferð brjóstakrabbameins beinist að því að fjarlægja krabbameinsfrumur í brjósti og eitlum. Þetta er gert með skurðaðgerð og geislameðferð. Það er einnig mikilvægt að meðhöndla þær krabbameinsfrumur sem mögulega hafa dreyft sér til annarra hluta líkamans, en eiginleikar krabbameinsfrumanna í brjóstinu og dreyfing til eitlanna gefa upplýsingar um áhættuna á því að þær hafi náð að dreyfa sér víðar. Til að ná þessum frumur (mikrometastasar) er gefin krabbameinslyfjameðferð, mótefnameðferð (antistoffer) og andhormónameðferð, einnig kallað fyrirbyggjandi meðferð (adjuvant treatment).

Við þríneikvætt brjóstakrabbamein er lyfjameðferð gefin fyrst og fremst til að meðhöndla mikrometastasa. Meðferðin er gefin annað hvort fyrir eða eftir skurðaðgerð, og í sumum tilfellum bæði fyrir og eftir. Ef lyfjameðferðin er gefin fyrir skurðaðgerð hefur það þann kost í för með sér að byrjað er fyrr að meðhöndla mögulega dreyfingu til annarra líffæra, heldur en ef beðið er þar til eftir skurðaðgerð. Rannsóknir [\[MH2\]](#) hafa einnig sýnt mjög skýrt fram á að það hefur ekki í för með sér (aukna?) áhættu að bíða með lyfjameðferð þar til eftir skurðaðgerð. Annar kostur er að mögulegt er að fylgjast með áhrifum lyfjameðferðar á þær krabbameinsfrumur sem síðar eru fjarlægðar að fullu í skurðaðgerð. [\[AJR3\]](#)

Það hefur sýnt sig að líkurnar á vel heppnaðri meðferð eru meiri í þeim tilfellum þar sem áhrif lyfjameðferðar eru mikil í brjósti og eitlum. Þetta á sérstaklega við um þríneikvætt og HER2 jákvætt brjóstakrabbamein. Þeir sjúklingar þar sem krabbameinið er alveg horfið eftir lyfjameðferð, svo að engar krabbameinsfrumur finnast við smásjárskoðun af fjarlægðum brjóstvef, eru í minni áhættu á að fá endurkomu sjúkdóms, borið saman við sjúklinga þar sem enn finnast krabbameinsfrumur í brjóstvef eftir aðgerð.

Ef engar krabbameinsfrumur finnast lengur við smásjárskoðun af fjarlægðum brjóstvef, kallast það “komplett patologisk respons”. Sjúklingum þar sem enn finnast krabbameinsfrumur í brjóstvefnum er í sumum tilfellum boðin viðbótar krabbameinslyfjameðferð til að minnka áhættuna á endurkomu brjóstakrabbameinsins.